

Sorpsamlag Strandasýslu ehf  
Skeiði 3  
510 Hólmavík

Reykjavík, 21. ágúst 2019  
UST201901-215/S.M.  
08.14.02

### Reglubundið eftirlit, 24. júní 2019, á urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu

Þann 24. júní sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu í Skeljavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og eitt frávikið kom fram er varðar:**

1. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Niðurstöður eftirlitismælinga skulu berast fyrir 1. maí. **Vöktunarskýrsla barst þann 21. júní s.l. og telst frávikið því lokið.**

Virðingarfyllst



Sigríður Magnúsdóttir



Gottskálf Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamslag Strandasýslu Skeiði 3, Hólmavík/Skeljavík



Dags eftirlits	24.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamslag Strandasýslu	Eftirlitsmaður	
Heimili	Skeiði 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470786-1329	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Indriðason	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	377099,262 581129,16

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik frá starfsleyfi er varðar skil á eftirlitsmælingum, en rekstraraðili hefur brugðist við frávikin og sent inn mælingaskýrslu. Einnig voru gerðar þrjár ábendingar í eftirlitinu er varða uppfærslu á viðbragðsáætlun, framkvæmd við gerð jarðvegsmána og daglegan frágang urðunarreinar fyrir óvirkan úrgang.

## UMFANG EFTIRLITS

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar (gr. 5.1)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.6)
4. Tryggingar (gr. 2.11)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um svæðið

Á urðunarstaðnum í Skeljavík er heimilt að taka á móti allt að 500 tonnum á ári af almennum úrgangi til urðunar, úrvinnslu og geymslu. Árið 2018 var tekið á móti rétt rúmum 302 tonnum, þar af voru urðuð um 256 tonn og um 46 tonn fóru í endurnýtingu. Magn móttækis úrgangs er því vel innan heimilda.

Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti sem og magn og tegundir spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar hafa borist eftirlitsaðila. Í eftirlitinu lagði rekstraraðili fram staðfestingar frá flutningsaðila.

Niðurstöður eftirlitsmælinga bárust ekki fyrir 1. maí sem telst frávik frá gr. 5.4 í starfsleyfi. Vöktunarskýrsla barst eftirlitsaðila 21. júní s.l. Mælingar eru fullnægjandi og engin mengun er frá urðunarstaðnum.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið, en þær upplýsingar bárust með skýrslu um magntölur úrgangs.

Eftirlitsaðili lagði fram nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp og benti rekstraraðila á að uppfæra viðbragðsáætlun sína þannig að tilkynningar um mengunaróhöpp bærust á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) og kanna hvort þörf væri á að uppfæra aðra hluta áætlunarinnar. Rekstraraðili lagði fram staðfestingu á tryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns.

Rætt var um niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu. Í eftirliti 2018 gerði eftirlitsaðili athugasemdir við mikið magn tímurs á urðunarstaðnum. Fram kom í eftirliti nú að kurlun þessa timburhaugs væri lokið og er timburkurlið nú notað með jarðvegi sem þekjuefni við daglegan frágang á urðunarstaðnum. Hluti timburhaugsins er ekki tækur til kurlunar vegna þess hve hann hefur blandast jarðvegi. Rekstraraðili hyggst nýta þann hluta við gerð jarðvegsmána umhverfis urðunarstaðinn og er bent á að sækja um leyfi til endurnýtingar (landmótunar) vegna þessa til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um verklok.

Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða var kynnt, en með breytingum á lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 ber stofnuninni nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu vegna starfseminnar.

Að loknum fundi á skrifstofu Sorpsamlagsins var haldið í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Svæðið er afgirt og læst. Snyrtilegt var um að litast og vinnsluflötur lítill. Urðunarstaðurinn skiptist í um þrjá hluta; almennan úrgang, óvirkan úrgang og áðurnefndan timburhaug. Hluti urðunarreinar fyrir óvirkan úrgang var opin og var rekstraraðila bent á að huga að daglegum frágangi þess hluta. Talsvert af bílhræjum og öðrum brotamáli var á staðnum, en skv. upplýsingum frá rekstraraðila var þetta magn tilkomið vegna nýlegs hreinsunarátaks í sveitafélaginu og bíður nú flutnings af staðnum. Vinna við jarðvegsmanir umhverfis urðunarstaðinn er hafin.

gr. 5.4

Niðurstóður eftirlitsmælinga skulu berast fyrir 1. maí. Vöktunarskýrsla  
barst þann 21. júní s.l. og telst því fráviki lokið.

## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína ef við á og senda afrit til eftirlitsaðila.
2. Vegna fyrirhugaðrar nýtingar timburs við jarðvegsmön er rekstraraðila bent á að sækja um leyfi til endurnýtingar (landmótunar) til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
3. Huga skal betur að daglegum frágangi urðunarreinar fyrir óvirkan úrgang, sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.  
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.08.2019



Sigríður Magnúsdóttir